



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn um húsnæðisframlag til sjálfstætt rekinna leik- eða grunnskóla

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sem barst þann 6. janúar sl., um hvort greiddar hafi verið húsnæðisbætur til sjálfstætt starfandi leik- eða grunnskóla. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska upplýsinga um það hvort greiddar hafi verið húsaleigubætur, húsaleigustyrkir eða viðhaldsstyrkir til sjálfstætt starfandi grunnskóla eða leikskóla í Reykjavík síðastliðin 10 ár. Óskað er eftir sundurliðun niður á einstaka skóla.“

Leitað var upplýsinga hjá skóla- og frístundasviði sem býr yfir upplýsingum um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu er greitt húsnæðisframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla, samkvæmt nánari tilgreiningu í samningum Reykjavíkurborgar við einstaka skóla. Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er 40.835 kr. á mánuði fyrir hvert barn í 6 klst. dvöl á dag eða lengur. Fyrir hvert barn í 5,5 klst. dvöl á dag eða skemur er greitt 20.418 kr. á mánuði. Styrkur er greiddur í 11 mánuði á ári. Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess fá ekki greitt húsnæðisframlag.

Framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla byggir á meðaltalskostnaði vegna reksturs grunnskóla og því ekki greitt sérstakt húsnæðisframlag vegna þeirra heldur er húsnæðiskostnaður hluti af framlagi með hverjum grunnskólanema. Það skal þó tekið fram að borgarráð samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun 2022 til Hjallastefnunnar vegna leigu og framkvæmda við húsnæðið að Skógarhlíð 6. Þá hefur Waldorfskólinn Sólstafir, á grundvelli sérstaks samkomulags, haft til afnota þrjár færanlegar kennslustofur ásamt tveimur tengigöngum um nokkurra ára skeið, án endurgjalds. Skólinn hefur engu að síður fengið fullt framlag með nemendum á sama tímabili.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs